

## Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur

### Úthlutunarreglur um styrki

Í samræmi við 3. mgr. 4. greinar skipulagsskrár Styrktarsjóðs Áslaugar Hafliðadóttur setur stjórn sjóðsins sér starfsreglur, þ.e. reglur um úthlutanir svo sem einstakar styrkfjárhæðir, umsóknarfresti og ferli umsókna, innan ákvæða skipulagsskrár sjóðsins.

Í skipulagsskrá sjóðsins kemur fram í 2.gr. að markmið hans sé „fyrst af öllu (...) að styrkja málefni er stuðla að eflingu íslenskrar tungu.“ Þá segir að styrkir skulu veittir „starfsmönnum eða nemendum Háskóla Íslands til sérverkefna á vegum Háskólans á sviði íslenskra fræða er falla að þessu verkefni.“

### 1. Ákvörðun um úthlutun og styrkfjárhæð

1.1 Stjórn sjóðsins ákveður í hvert sinn um úthlutun styrkja á grundvelli síðasta endurskoðaðs rekstrar- og efnahagsreiknings Styrktarsjóðs Áslaugar Hafliðadóttur. Stefnt skal að árlegri úthlutun.

1.2 Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um fjárhæð styrkja. Heimilt er að úthluta til styrkja allt að 100 milljónum króna á sjö til tíu ára tímabili frá og með árinu 2015 sem dreifist sem jafnast á hvert ár.

1.3 Að jafnaði skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Stjórn er þó heimilt að úthluta styrkjum úr sjóðnum án auglýsingar svo fremi að styrkurinn sé til verkefnis, sem er í samræmi við tilgang og markmið sjóðsins.

### 2. Heimild til úthlutunar með eða án auglýsingar

2.1 Stjórn hefur heimild til að úthluta styrk á grundvelli auglýsingar eða án auglýsingar samkvæmt ákvörðun stjórnar.

2.2 Ákveði stjórn að auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum skal það gert á þann hátt að auglýsingin nái til sem flestra sem hún getur átt erindi til. Lögð skal áhersla á að auglýsa í þeim miðlum sem talið er hverju sinni að nái til viðkomandi hóps.

2.3 Berist umsókn án auglýsingar kemur stjórn saman og fjallar um hana m.t.t. efnis, reglna og fjárhagsstöðu sjóðsins.

### 3. Ferli úthlutunar

3.1 Miða skal við að umsóknarfrestur sé fjórar vikur eftir birtingu auglýsingar.

3.2 Í auglýsingu skulu alltaf koma fram eftirtalin atriði:

a. Heiti og markmið sjóðsins.

- b. Heildarfjárhæð styrks til úthlutunar.
  - c. Hvenær áætlað er að úthlutun fari fram.
  - d. Hvar tekið er á móti umsóknum.
  - e. Umsóknarfrestur.
  - f. Óskað skal eftir að í umsókn komi fram:
    - i. Nafn umsækjanda, kennitala, heimilisfang, sími og virkt netfang.
    - ii. Heiti verkefnis og stutt og hnitmiðuð lýsing á verkefninu, sem nýta má til almennrar umfjöllunar og kynningar, hljóti verkefnið styrk.
    - iii. Nánari lýsing á verkefni, að jafnaði þó ekki lengri en ein blaðsíða.
    - iv. Tímaáætlun og fjárhagsáætlun verkefnis.
    - v. Upplýsingar um annan fjárhagslegan stuðning við verkefnið.
      - vi. Helstu atriði úr náms- og starfsferli umsækjanda.
      - vii. Hvernig umsókn samræmist markmiði og tilgangi sjóðsins.
- 3.3 Stjórn fær í hendur yfirlit yfir umsóknir frá verkefnisstjóra styrktarsjóða HÍ og tekur ákvörðun á grundvelli þess yfirlits.
- 3.4 Stjórn getur ákveðið að leita til sérfræðinga til að meta einstakar umsóknir.
- 3.5 Stjórn getur óskað eftir ítarupplýsingum með umsókn.
- 3.6 Ákvörðun um styrkúthlutun skal tekin á stjórnarfundi.
- 3.7 Þegar stjórn hefur tekið ákvörðun um hver skuli hljóta styrk er umsækjanda tilkynnt um niðurstöðu og styrkfjárhæð millifærð á reikning viðkomandi.
- 3.8 Háskólarektor úthlutar styrkjum við hátíðlega, opinbera athöfn. Greint skal frá henni opinberlega og í Árbók Háskóla Íslands.
- 3.9 Athöfn er í umsjón Styrktarsjóða Háskólans.

#### 4. Verkefnalok

- 4.1 Styrkþegi sendir stjórn sjóðsins greinargerð um nýtingu styrksins við verklok.
- 4.2 Stjórn er heimilt að setja nánari tímamörk varðandi skil á greinargerð.
- 4.3 Berist greinargerð ekki innan tilskilins tíma getur stjórn sjóðsins krafist styrkþega um endurgreiðslu styrks að hluta eða öllu leyti.

Þessar úthlutunarreglur skal endurskoða eigi síðar en einu ári eftir dagsetningu undirritunar.

Samþykkt af stjórn Styrktarsjóðs Áslaugar Hafliðadóttur  
Reykjavík, 21. nóvember, 2014.

---

Katrín Jakobsdóttir, formaður stjórnar  
Styrktarsjóðs Áslaugar Hafliðadóttur

---

Drög 6. nóvember 2014

Viðar Guðmundsson, prófessor, ritari stjórnar  
Styrktarsjóðs Áslaugar Hafliðadóttur

---

Börkur Hansen, prófessor, meðstjórnandi  
Styrktarsjóðs Áslaugar Hafliðadóttur